

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar, enda munu þær augljóslega hafa hamlandi áhrif á ferðir almennings og atvinnubifreiða og leiða til hækkunar vöruverðs úti á landi og virka sem viðbótargjöld á varning sem framleiddur er utan höfuðborgarsvæðisins. Þ.a.l. eykst verðbólgan!

Þegar menn eru að íhuga slíkar breytingar VERÐA menn að gera sér **að fullu** grein fyrir afleiðingum þeirra. Það virðist mér ekki hafa verið gert.

Ég hef reynslu af svona kerfi, sem t.d. borgarstjórn Óslóar kom á fyrir nokkrum áratugum, tilneydd vegna áralangrar óstjórnar um og upp úr 1970! Vestlendingar, Vestfirðingar og Norðanmenn hafa nú þegar greitt upp gjöldin fyrir Hvalfjarðargöngin öðrum fremur. Á virkilega að halda áfram að skattleggja þá með sama hætti.

Ef við tökum mið af verðlagningunni í Vaðlaheiðargöng, verður ekki annað sé en að koma eigi á ofurskattlagningu fyrir almenna umferð umfram skattlagningu sem þegar er lögð á dísilolíu og bensín (eða er einhver áætlun um að lækka þær álögur á móti? Ekki hef ég séð það).

Í Frakklandi voru lögð vegagjöld á sérstakar hraðbrautir þar og aðeins þar sem aðrar nokkurn veginn jafnlangar leiðir mátti velja án vegagjalda, en þar sem hámarkshraði var lægri.

Þannig er þetta víðast meðal sæmilega síðaðra þjóða. Við eigum ekki endalaust að apa allt upp eftir framsóknarmönnum, Norðmönnum, sem við höfum apað flest sem miður hefur farið hjá þeim. (Ég kalla þá framsóknarmenn, þar sem það var jú einkum Framsóknarflokkurinn íslenski, sem innleiddi vitleysuna út úr þeim—þegar sýnt var að hún leiddi til stórkostlegra vandamála: Skip í hvern fjörð / Frystihús í hvern fjörð. Verlsunarmiðstöð í hvern fjörð tókum við reyndar ekki eins mikið upp og þeir, en nóg hefur samt orðið af vanhugsaðri fjárfestingu þar.)

Svo vil ég bæta við áður sendum varnaðarorðum út af Hvalfjarðargöngunum: Eitt af því mikilvægasta varðandi frágang á veggöngum er að hafa þau í ljósum lit. Hafið þið ekki ekið göng í Frakklandi eða Kaliforníu, svo dæmi séu tekin? Skoðið þau.
Sjá nánar: ["Hættur í Hvalfjarðargöngum"](#)

Mér finnst satt að segja ömurlegt að þurfa að segja menntuðu fólki í svo ábyrgðarmiklum embættum sem þetta er einfaldar staðreyndir sem blasa við ef menn nenna að horfa í kringum sig. Ég fæ það oft á tilfinninguna að þegar þetta fólk er að ferðast erlendis setji það upp svört gleraugu (góð kannski gegn sólinni!) og taki alls ekkert eftir hlutum í kringum sig eins og vegum, brúm, göngum, umferðastýringu (hvort hún er að virka eða ekki), né spyrjist fyrir um þessa hluti.

Með von um að þið endurskoðið áætlanir ykkar vandlega og hafið augun opin í framtíðinni.

Böðvar Björgvinsson